

## Reglur um gagnsæi peningamála

*Í þessari grein segir frá reglum um gagnsæi peningamála sem samþykktar voru á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins haustið 1999. Aðildarríkjum sjóðsins er ekki skylt að fara eftir þeim en þau eru hvött til þess að tileinka sér þær.*

Á fundi sínum haustið 1999 samþykkti stjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (*Interim Committee*) reglur um gagnsæi peningamála og eftirlits með starfsemi fjármálastofnana.<sup>2</sup> Áður höfðu verið samþykktar áþekkar reglur fyrir ríkisfjármál.<sup>3</sup>

Að nokkru eiga reglurnar sér forsögu í fjármálakreppum sem riðið hafa yfir víða um heim á undanförunum árum, síðast í Austur-Asíu en kreppan þar hafði keðjuverkandi áhrif í Rússlandi og ýmsum ríkjum Rómönsku-Ameríku. Í kjölfar kreppanna var markvisst leitast við að treysta innviði hins alþjóðlega fjármálakerfis og gegndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lykilhlutverki í þeirri viðleitni. Hún beindist m.a. að því að auka gagnsæi í opinberri stjórn-sýslu sem víða var ábótavant. Ógagnsæi átti e.t.v. sinn þátt í að breiða yfir veikleika í framvindu og stjórn efnahagsmála, t.d. í þeim löndum Austur-Asíu sem lentu í erfiðleikum á árunum 1997 og 1998.

Á undanförunum árum hefur markvisst verið unnið að auknu gagnsæi í efnahagsstjórn víða um heim, einkum þó í iðnríkjunum. Gagnsæi eykur skilning á stefnu og aðgerðum stjórnvalda og veitir þeim aðhald. Þegar til lengdar lætur má ætla að gagnsæi efnahagsstjórnar leiði til bættrar stefnumótunar og

auðveldi greiningu markaðsaðila og almennings á stöðu og horfum í efnahagsmálum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn samdi reglur um gagnsæi peningamála og eftirlits með starfsemi fjármálastofnana í samvinnu við Alþjóðabankann og í samráði við fulltrúa frá seðlabönkum og fjármálaeftirlitum, auk annarra stofnana, samtaka og sérfræðinga, og voru þær sem fyrr segir staðfestar haustið 1999.

Aðildarþjóðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er ekki skylt að fara eftir reglunum en hvatt er til þess að þær tileinki sér þær eftir föngum. Seðlabankar margra iðnríkja hafa þegar tamið sér starfshætti sem samrýmast reglunum en önnur ríki eru yfirleitt komin skemmra á veg og sum skammt. Í þessari grein verður stuttlega gerð grein fyrir þeim hluta reglnanna sem lýtur að stjórn peningamála. Einkum verður stuðst við formálann sem fylgdi reglunum við samþykkt þeirra.

Í formálanum segir að reglurnar um gagnsæi peningamála sýni æskilegt gagnsæi í stjórn peningamála. Haft skuli að leiðarljósi að upplýsa almennung á aðgengilegan og skýran hátt og án óþarfa tafa um lagalegan, stofnanalegan og efnahagslegan ramma þeirrar stefnu sem fylgt er í peningamálum og með hvaða hætti seðlabankar standa reikningsskil gerða sinna. Í reglunum er því lögð megináhersla í fyrsta lagi á skýrt hlutverk og skýra ábyrgð og markmið seðlabanka, í öðru lagi á vinnuferli og framsetningu tilkynninga um peningamálstefnu seðlabanka, í þriðja lagi á aðgang almennings að upplýsingum um peningamál, og í fjórða lagi á reikningsskilaskyldu og heilindi (e. *integrity*) seðlabanka í starfi sínu.

1. Höfundur er aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands.

2. *Code of Good Practices on Transparency in Monetary and Financial Policies: Declaration of Principles*. Reglurnar eru birtar á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, [www.imf.org](http://www.imf.org), í þeim hluta sem ber yfirskriftina *Standards and Codes*.

3. *Code of Good Practices on Fiscal Transparency*. Þessar reglur eru einnig birtar á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Almennt eru kröfur um gagnsæi peningamála byggðar á tveimur meginforsendum. Í fyrsta lagi að það styrki stjórn peningamála ef markmið og stjórntæki eru kunn almenningi og ef yfirvöld geta skuldbundið sig með trúverðugum hætti til þess að ná settum markmiðum. Skilvirkni markaða eflist með greiðari aðgangi að upplýsingum um stjórn peningamála og framvindu þeirra. Í öðru lagi krefjast góðir stjórnarhættir þess að seðlabankar séu ábyrgir gerða sinna, sérstaklega þar sem þeir hafa mikið sjálfstæði til athafna.

Í formála reglnanna segir að með opinberri birtingu markmiða peningmálastjórnar geti seðlabanki eflt skilning almenning á áformum sínum, skapað vettvang til þess að útskýra frekar stefnumál sín og þar með stuðlað að árangursríkari peningmálastjórn. Útskýringar á forsendum peningamálaákvæðana og gagnsæ stefnumörkun ættu að styrkja miðlunarleiðir peningastefnu, að hluta til með því að efla raunsæri markaðsvæntingar en ella. Tiltrú á seðlabanka eflist við bættu miðlun upplýsinga og með því að þeir uppfylli opinberlega yfirlýst markmið.

Nauðsynlegt er talið að meta kosti og galla gagnsæis í peningmálastjórn. Í tilfellum þar sem það gæti rýrt áhrif aðgerða í peningamálum eða grafið undan fjármálastöðugleika eða eðlilegum hagsmunum fjármálastofnana geti verið viðeigandi að takmarka gagnsæi.

Meginástæða þess að takmarka beri birtingu ákveðinna upplýsinga um peningamálastefnu gæti verið sú að hún hafi óæskileg áhrif á ákvörðunarferli og virkni stefnunnar. Hið sama gildi um viðhorf í gengismálum, sérstaklega í löndum sem fylgja fastgengisstefnu. Of rík krafa um upplýsingamiðlun um innanhússvangaveltur um aðgerðir á peninga- og gjaldeyrismörkuðum gæti raskað væntingum og heft umræðu þeirra sem móta stefnu. Því gæti verið óviðeigandi fyrir seðlabanka að veita upplýsingar um innri umræður eða leggja fram gögn, auk þess sem upp gætu komið aðstæður þar sem ekki væri viðeigandi fyrir seðlabanka að birta upplýsingar um hvernig þeir hygðast beita sér í peninga- og gengismálum í nánustu framtíð eða að veita nákvæmar upplýsingar um aðgerðir í gjaldeyrismálum.

Í formála reglnanna segir að mikilvægt sé að huga vel að umgjörðinni sem valin er fyrir miðlun upplýsinga um peningamál. Álitamál geti t.d. verið hvort kveðið skuli á um gagnsæi peningamálastefnu

í lögum um seðlabanka eða í öðrum lögum eða reglugerðum. Reglurnar taki raunsætt mið af þessum sjónarmiðum og geri ráð fyrir að fjölbreytt fyrirkomulag geti leitt til mikils gagnsæis. Gert er ráð fyrir því í reglunum að ákveðin atriði er varða hlutverk, ábyrgð og markmið seðlabanka séu tilgreind í lögum. Með því að tilgreina ákveðin atriði í lögum er þeim sköpuð sérstök staða og komið í veg fyrir tilviljunarkenndar eða tíðar breytingar á mikilvægum þáttum sem varða starfsemi seðlabanka. Aðra þætti gagnsæis, svo sem mótn og framkvæmd stefnu og um aðra upplýsingamiðlun, mætti kveða á um annars staðar. Mikilvægt sé þó að aðgangur að upplýsingum sé greiður þannig að almenningur geti nálgast og metið þær án mikillar fyrirhafnar.

Í formálanum segir að þótt góðar gagnsæisreglur geti stuðlað að bættri stefnumótun séu þær ekki samdar með það í huga að vera mælikvarði á kosti tiltekins starfsramma umfram aðra. Gagnsæi sé ekki takmark í sjálfu sér, né komi það í staðinn fyrir að fylgt sé traustri stefnu, heldur sé gagnsæi og traustri stefnumörkun ætlað að styrkja hvort annað.

Framkvæmd peningamálastefnu og eftirlit með starfsemi fjármálastofnana er oft samtvinnað og styrkir oft hvort annað, enda hefur heilbrigði fjármálakerfisins áhrif á stjórnun peningamála og öfugt. Stofnanalegt fyrirkomulag þessarar starfsemi er að ýmsu leyti ólíkt eftir löndum. Því er reglunum skipt í tvo hluta, gagnsæi fyrir peningastefnu seðlabanka og gagnsæi fyrir fjármálaeftirlit. Grundvallaratriði gagnsæis eru þó svipuð í báðum tilfellum.

Reglurnar skiptast í fjóra meginkafla. Þeir fjalla um skýrleika hlutverks, ábyrgðar og markmiða, um gagnsætt ferli ákvæðana og tilkynninga um ákvarðanir, um almennt aðgengi að upplýsingum um stjórn peningamála og um reikningsskil fyrir athafnir seðlabanka og heilindi þeirra. Reglurnar um gagnsæi, þýddar orðrétt, eru birtar í meðfylgjandi ramma.

#### *Seðlabanki Íslands og gagnsæi peningamála*

Á undanförunum árum hefur Seðlabanki Íslands gert sér far um að tileinka sér starfshætti sem rutt hafa sér til rúms í mörgum löndum og samrýmast kröfum um gagnsæi. Í þessu skyni leitast bankinn við að skýra eins vel og kostur er stefnu sína í peningamálum, stjórntæki peningamálanna og mat sitt á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum. Mat sitt birtir bankinn ekki síst í ritum sínum, nú einkum í ársfjórð-

ungsritinu Peningamálum. Þetta mat liggur til grundvallar aðgerðum bankans í peningamálum. Aðgerðir sínar kynnir bankinn í fréttatilkynningum og í tengslum við útgáfu þeirra eru bankastjórar ætíð reiðubúnir að skýra forsendur aðgerðanna í viðtölum við fjölmiðla. Að auki endurnýjar bankinn vikulega tölfraðilegar upplýsingar á heimasíðu sinni á veraldarvefnum og gera þær markaðsaðilum auðveldara en ella að fylgjast með framvindu efnahags- og peningamála. Að síðustu hefur bankinn í ársskýrslu sinni leitast við að gera ítarlegri grein en áður fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni.

Fyrir nokkrum árum mótaði Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn staðal fyrir birtingu upplýsinga um efnahagsmál.<sup>4</sup> Aðildarlöndunum var gefinn kostur á að tileinka sér hann formlega en með því skuldbundu þau sig til þess að birta ítarlegar tölfraðilegar upplýsingar á ákveðnu formi og samkvæmt fyrirfram ákveðinni birtingaráætlun. Ísland undirgekkst skuldbindingar birtingarstaðalsins árið 1996 og uppfyllir Seðlabankinn kröfur hans.

#### *Staða Seðlabanka Íslands gagnvart reglunum um gagnsæi*

Ákvæði fyrsta kafla eru ekki að öllu leyti uppfyllt hér á landi. Meginmarkmið bankans eru að vísu talin upp í 3. gr. Seðlabankalaganna en þau eru víðtæk og ekki að öllu leyti í innbyrðis samræmi, auk þess sem vafasamt er að Seðlabankinn geti með stjórnækjum sínum uppfyllt þau öll. Þá hefur bankinn ekki fullt vald til þess að beita stjórnækjum sínum til þess að ná markmiðum sínum. Í því sambandi má nefna að breytingar á bindiskyldu eru háðar samþykki ráðherra. Í lið 1.2.1 er vikið að yfirdráttarheimild ríkissjóðs í seðlabanka. Samkvæmt gildandi lögum um Seðlabanka Íslands er ríkissjóði heimilt að yfirdraga viðskiptareikninga sína í bankanum. Með samkomulagi við fjármálaráðherra á árinu 1992 (endurnýjað tvisvar síðan) var tekið fyrir þessa heimild eins og oft hefur verið greint frá í ritum Seðlabankans. Þá er kveðið á um það í 4. gr. laganna um Seðlabankann að bankastjórn skuli telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því að sú stefna sem

ríkisstjórnin markar að lokum nái tilgangi sínum. Í ritum bankans, ekki síst ársskýrslu, hefur einnig verið greint frá þáttum sem vikið er að í lið 1.3.

Ákvæði annars kafla eru að mestu uppfyllt hér á landi. Stefnurammi peningamála hefur verið skýrður í ritum bankans og ræðum bankastjóra. Sama gildir um stjórnækki peningamála. Ýmsar reglur sem bankinn gefur út, svo sem um viðskipti við aðrar stofnanir, eru birtar á heimasíðu bankans. Í Seðlabanka Íslands situr ekki formleg peningastefnunefnd. Samkvæmt Seðlabankalögum er ákvörðunarvaldið í peningamálum í höndum bankastjórna sem metur aðstæður í sífellu og grípur til aðgerða þegar hún telur tilefni til. Ákvarðanir þar um eru ekki teknar á fyrirfram ákveðnum dögum eins og tíðkast sums staðar nú orðið. Aðgerðir í peningamálum eru jafnan kynntar án tafar með útgáfu fréttar frá bankanum. Með viðamikilli útgáfustarfsemi kynnir bankinn reglulega mat sitt á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og hvernig hann vinnur að framgangi markmiða sinna. Þegar umfangsmiklar breytingar hafa verið gerðar í peningamálum er oftan en ekki haft samráð við viðeigandi aðila. Dæmi um þetta eru breytingar á stjórnækjum Seðlabankans sem gerðar voru snemma árs 1998 að undangenginni kynningu og samráði við þær stofnanir sem breytingarnar snertu. Í lögum um Seðlabankann er kveðið á um rétt bankans til söfnunar tölfraðilegra upplýsinga og í ársskýrslu bankans er stuttlega greint frá henni.

Í þriðja kafla eru ákvæði um aðgengi að upplýsingum og uppfyllir Seðlabanki Íslands þau í meginatriðum. Birting tölfraðilegra gagna uppfyllir skilyrði birtingarstaðals Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, bankinn birtir efnahagsreikning mánaðarlega, þ.m.t. upplýsingar um gjaldeyrissforðann og tengdar skuldbindingar, í samræmi við fyrirfram auglýsta birtingaráætlun, og hann birtir reglulega upplýsingar um endurhverf viðskipti sín við lánastofnanir. Bankinn rekur viðamikla útgáfustarfsemi, sem fyrir segir, og yfirmenn bankans eru jafnan reiðubúnir að útskýra markmið og gerðir bankans. Sem fyrir segir birtir bankinn á heimasíðu sinni reglur sem hann setur.

Ákvæðin um reikningsskil og heilindi seðlabanka eru í meginatriðum uppfyllt hér á landi. Reglur um persónuleg fjármál yfirmanna og annarra starfsmanna hafa ekki verið settar. Í bankanum eru í gildi reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga, m.a. til þess að koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra.

4. *Special Data Dissemination Standard, SDDS*. M.a. var greint frá staðlinum í ársskýrslu Seðlabanka Íslands fyrir árið 1999, bls. 38-39. Upplýsingar um hann er einnig að finna á heimasíðu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [www.imf.org](http://www.imf.org) og á [dsbb.imf.org](http://dsbb.imf.org).

## REGLUR FYRIR SEÐLABANKA UM GAGNSÆI PENINGAMÁLA

### I. SKÝRLEIKI HLUTVERKS, ÁBYRGÐAR OG MARKMIÐA SEÐLABANKA VARÐANDI STJÓRN PENINGAMÁLA

1.1 Hið endanlega markmið og stofnanalegur rammi peningamálastefnu ættu að vera nákvæmlega skilgreind í viðeigandi lögum eða reglugerðum, þar á meðal, eftir því sem við á, í lögum um seðlabanka.

1.1.1 Meginmarkmið peningamálastefnu ætti að skilgreina í lögum og birta opinberlega og útskýra.

1.1.2 Ábyrgð seðlabanka ætti að skilgreina í lögum.

1.1.3 Í lögum um seðlabanka ætti að koma fram að bankinn hafi vald til þess að beita stjórnækjum peningamála til þess að ná markmiðum sínum.

1.1.4 Opinbert ætti að vera hver ber stofnanalega ábyrgð á stefnunni í gengismálum.

1.1.5 Meginaðferðir um hvernig seðlabönkum ber að standa reikningsskil gerða sinna og önnur viðfangsefni seðlabanka ætti að tilgreina í lögum.

1.1.6 Ef stjórnvöld hafa í sérstökum tilfellum rétt til að ógilda ákvarðanir í peningamálum ætti að skilgreina í lögum við hvaða aðstæður slíkar ákvarðanir gætu komið til og hvernig slíkt yrði opinberað.

1.1.7 Reglur um skipun og skipunartíma og almennar reglur um uppsögn yfirmanna og annarra sem sitja í bankastjórn (framkvæmdastjórn) seðlabanka ætti að tilgreina í lögum.

1.2 Stofnanaleg tengsl á milli peninga- og ríkisfjármála ættu að vera skýr.<sup>1</sup>

1.2.1 Sé seðlabanka heimilt að veita ríkissjóði lán, fyrirgreiðslu eða yfirdrátt ætti að birta opinberlega öll skilyrði og takmarkanir þar að lútandi.

1.2.2 Fjárhæðir og skilyrði lána, fyrirgreiðslu og yfirdráttar ríkissjóðs í seðlabanka ásamt innlánum ríkissjóðs í seðlabanka ætti að birta opinberlega.

1.2.3 Birta ætti opinberlega hvernig beinni þátttöku seðlabanka er háttað á frumsöluörkuðum með ríkisverðbréf, þar sem hún er heimilud, og á eftirmarkaði.

1.2.4 Afskipti seðlabanka af öðrum þáttum efnahagslífsins (t.d. í gegnum eignarhluta, aðild að stjórnnum, öflun aðfanga, eða veitingu þjónustu gegn greiðslu) ættu að

fara fram fyrir opnum tjöldum á grundvelli skýrra reglna og aðferða.

1.2.5 Kynna ætti opinberlega þær aðferðir sem notaðar eru við ráðstöfun hagnaðar seðlabanka og viðhald höfuðstóls.

1.3 Viðfangsefni seðlabanka í umboði stjórnvalda ætti að skilgreina með skýrum hætti.

1.3.1 Kynna ætti opinberlega ábyrgð seðlabanka á (i) umsjón með innlendum og erlendum lánum ríkisins og varðveislu gjaldeyrisforða, (ii) hlutverki sínu sem banki ríkisins, (iii) hlutverki sínu sem fjárhagslegur umboðsaðila stjórnvalda þar sem það á við, og (iv) ráðgjöf í efnahags- og peningamálum og í alþjóðlegri samvinnu.

1.3.2 Kynna ætti opinberlega skiptingu ábyrgðar á milli seðlabanka, fjármálaráðuneytis eða annarra opinberra stofnana vegna frumsölu ríkisverðbréfa, fyrirkomulags eftirmarkaðsviðskipta, innlánaþjónustu og skipulagningar reikningsskila og uppgjors fyrir viðskipti með ríkisverðbréf.

### II. GAGNSÆTT FERLI ÁKVARÐANA OG TILKYNNINGA UM ÁKVARÐANIR Í PENINGAMÁLUM

2.1 Kynna ætti opinberlega og skýra þann ramma og þau tæki sem nýtt eru til að stefna í peningamálum nái tilgangi sínum.

2.1.1 Framgangsmáta og venjur sem viðhafðar eru við beitingu þeirra stjórnækja sem notuð eru við framkvæmd peningamálastefnunnar ætti að útskýra og opinbera almenningi.

2.1.2 Framkvæmdareglur sem gilda um samband seðlabanka og viðskipti hans við aðrar stofnanir í tengslum við framkvæmd peningastefnunnar ætti að birta opinberlega.

2.2 Þar sem peningastefnunefnd heldur fundi til þess að meta undirliggjandi efnahagsþróun, yfirfara framvindu peningastefnunnar í ljósi markmiða hennar og móta stefnuna fram í tímann ætti að birta upplýsingar um samsetningu nefndarinnar, skipulag og starfsemi.

2.2.1 Ef peningastefnunefnd heldur reglulega fundi til þess að meta undirliggjandi efnahagsþróun, yfirfara framvindu peningastefnunnar í ljósi markmiða hennar og móta stefnuna fram í tímann ætti að birta opinberlega ráðgerða fundardaga nefndarinnar.

2.3 Breytingar á peningastefnu (aðrar en aðgerðir til fín-

1. Framkvæmd þessara þátta skal vera í samræmi við grundvallaratriði reglna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, *Code of Good Practices on Fiscal Transparency*.

stillingar) ætti að tilkynna opinberlega og útskýra án óþarfa tafar.

2.3.1 Seðlabanki ætti að birta opinberlega, innan fyrirfram ákveðins hámarksfrests, meginforsendur ákvarðana sinna í peningamálum.

2.4 Seðlabanki ætti að gefa út með reglulegu millibili mat sitt á því hvernig honum hefur tekist að vinna að markmiðum sínum í peningamálum og hverjar horfur eru á að honum takist það. Fyrirkomulag þessa getur verið breytilegt eftir því hver rammi peningamálastefnunnar er, þ.m.t. fyrirkomulag gengismála.

2.4.1 Seðlabanki ætti að kynna reglulega markmið sín í peningamálum fyrir almenningi, þar sem m.a. eru tilgreindar forsendur þeirra, töluleg markmið og stjórnæki þar sem við á, ásamt undirliggjandi meginforsendum.

2.4.2 Seðlabanki ætti að gefa út með reglulegu millibili skýrslu um framvindu efnahagsmála og tengsl hennar við markmið sín í peningamálum.

2.5 Þegar tillögur um verulegar breytingar á reglum sem varða peningamál eru settar fram ætti að vera til staðar yfirlýstur vilji til samráðs við viðeigandi aðila innan eðlilegra tímamarka.

2.6 Reglur um skil tölfraðilegra upplýsinga fjármálastofnana til seðlabanka í þágu peningastjórn ætti að birta opinberlega.

### III. ALMENNT AÐGENGI AÐ UPPLÝSINGUM UM STJÓRN PENINGAMÁLA

3.1 Birting tölfraðilegra gagna seðlabanka ætti að uppfylla skilyrði er samrýmast birtingarstaðli Alþjóðagjaldreyrissjóðsins að því er varðar umfang, tíðni, ferskleika upplýsinga og aðgang að gögnum.

3.2 Seðlabanki ætti að birta opinberlega efnahagsreikning sinn eftir birtingaráætlun, og eftir ákveðinni tíðni ætti hann að birta valdar upplýsingar um heildarmarkaðs- viðskipti.

3.2.1 Samantekt liða úr efnahagsreikningi ætti að birta opinberlega oft og í samræmi við birtingaráætlun. Nákvæmt efnahagsyfirlit er uppfyllir skilyrði viðurkenndra opinberra reikningsskila ætti að birta a.m.k. árlega.

3.2.2 Upplýsingar um peningaaðgerðir seðlabanka þ.m.t. heildarupphæðir og skilyrði endurhverfra viðskipta eða annarrar fyrirgreiðslu (er uppfylla skilyrði um viðskiptatrúnað), ætti að birta opinberlega í samræmi við birtingaráætlun.

3.2.3 Með tilliti til trúnaðarskyldu um einstakar stofnanir

ætti að birta heildarupplýsingar um fjárhagsaðstoð seðlabanka við einstök fyrirtæki með viðeigandi opinberri yfirlýsingu svo framarlega sem slík yfirlýsing raskar ekki fjármálastöðugleika.

3.2.4 Upplýsingar um gjaldeyrisforða, skuldir og skuldbindingar peningamálayfirvalda ætti að birta opinberlega eftir birtingaráætlun, í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldreyrissjóðsins.

3.3 Seðlabanki ætti að starfrækja almenna upplýsingaþjónustu.

3.3.1 Seðlabanki ætti að reka útgáfustarfsemi og m.a. að gefa út ársskýrslu.

3.3.2 Yfirmenn seðlabanka ættu að vera reiðubúnir að útskýra markmið og gerðir bankans og að birta opinberlega texta sem þeir flytja.

3.4 Almenningsur ætti að hafa greiðan aðgang að þeim reglum sem seðlabanki setur.

### IV. REIKNINGSSKIL FYRIR GERÐIR SEÐLABANKA OG HEILINDI SEÐLABANKA

4.1 Yfirmenn seðlabanka ættu að vera reiðubúnir að koma fyrir opinberar nefndir og gera grein fyrir stjórn peningamála, útskýra markmið stefnunnar, lýsa því hvernig miðar í átt að markmiðunum og, eftir því sem við á, að skiptast á skoðunum um stöðu efnahagsmála og fjármálakerfisins.

4.2 Seðlabanki ætti að birta opinberlega endurskoðaðan efnahags- og rekstrarreikning sinn samkvæmt opinberri birtingaráætlun.

4.2.1 Ársreikningur ætti að vera endurskoðaður af óháðum endurskoðanda. Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og áritun endurskoðenda ættu að vera hluti af hinum opinbera reikningi.

4.2.2 Allar nauðsynlegar innri stjórnunaraðgerðir til að tryggja heilindi aðgerða, þ.m.t. varðandi innri endurskoðun, ætti að birta opinberlega.

4.3 Upplýsingar um gjöld og tekjur seðlabanka ætti að birta opinberlega árlega.

4.4 Reglur um persónuleg fjármál yfirmanna og annarra starfsmanna seðlabanka, og reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaaðreksstra, þ.á m. reglur um almennar fjárskuldbindingar, ættu að vera kunngerðar almenningi.

4.4.1 Upplýsingar um lagavernd fyrir yfirmenn og starfsfólk seðlabanka við opinber skyldustörf þess ætti að birta opinberlega.